

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 178/2024

2024/EES/76/30

frá 5. júlí 2024

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum
sviðum utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- Rétt er að auka samstarf aðilanna að EES-samningnum svo það taki til aðgerða á vegum Sambandsins, sem eru fjármagnaðar með fjármunum úr almennum sjóðum Evrópusambandsins varðandi frelsi launþega til flutninga, samræmingu almannatryggingakerfa og ráðstafanir vegna innflytjenda, m.a. innflytjenda frá þriðju löndum.
- Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið samstarf geti hafist frá 1. janúar 2024,

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Í 5. og 14. mgr. 5. gr. bókunar 31 við EES-samninginn koma orðin „fjárhagsárin 2021, 2022 og 2024“ í stað orðanna „fjárhagsárin 2021 og 2022“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2024.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. júlí 2024.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Anders H. Eide

formaður

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.